

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Neskaupstað, 3. ágúst 2010

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða, 660. mál

Samtök náttúrustofa gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Frumvarp þetta tekur í senn til verndar og nýtingar á náttúru og gengur því þvert á ráðuneyti. Aftur á móti er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að iðnaðarráðherra fari að mestu einn með framkvæmd laganna, þó að einhverju leyti í samráði við umhverfisráðherra sem öllu jöfnu fer með stjórn náttúruverndarmála. Í ljósi ofangreindrar skörunar er umhugsunarefni hvort ekki sé þörf á að takmarka ráðherraráðið í lagafrumvarpinu.

3. gr. fjallar um verndar- og nýtingaráætlun. Þar kemur m.a. fram að: „Iðnaðarráðherra leggur í samráði og samvinnu við umhverfisráðherra eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun til næstu 12 ára um vernd og nýtingu landsvæða vegna virkjunar fallvatna og háhita.“ Þar sem verðmat ónýttara virkjunarkosta kann að breytast í kjölfar ákvörðunar um nýtingu eins virkjunarkosts telja SNS æskilegt að bæta aftan við 1.mgr. 3.gr.: „Í hvert sinn sem virkjunarkostur er nýttur þarf að endurskoða áætlunina.“

8. og 9. gr. fjalla um skipan og verksvið verkefnisstjórnar. Ljóst er að verkefnisstjórn hefur skv.lögum þessum gríðarlega mikilvægu hlutverki að gegna. SNS telja nauðsynlegt að skilgreina hana út í hörgul, fela henni stjórnvald og að um ákvarðanir hennar gildi stjórnýslulög. Sátt þarf að ríkja um störf hennar og skipan nefndarmanna sem eiga að starfa með almannahagsmuni að leiðarljósi. Þá er vert að benda á að ekki er gert ráð fyrir beinni aðkomu frjálsra umhverfisverndarsamtaka að verkefnisstjórn þrátt fyrir að ríkisstjórn Íslands hafi í febrúar 2009 samþykkt tillögu þess efnis að Árósasamningurinn verði fullgiltur hér á landi, en hann gengur m.a. út á að tryggja „rétt almennings til þátttöku í málsmeðferð þegar undirbúnaður er ákvarðanir af hálfu stjórnvalda í umhverfismálum“.

Að lokum telja SNS að kostnaðaráætlun skv. fylgiskjali frá fjármálaráðuneyti sé vanáætluð eigi markmið frumvarpsins að nást. Auka þarf söfnun grunnupplýsinga um náttúru landsins. Það verður ekki gert nema til komi aukin fjárframlög til stofnana sem ætlað er að sinna náttúruvannsóknnum skv. lögum.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa

Jón Á. Jónsson, formaður